

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 25. febrúar 2015 í máli nr. E-5193/2013:

Sigurvin Ólafsson

(sjálfur)

gegn

Landsbankanum hf.

(Aðalsteinn Egill Jónasson hrl.)

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu birtri 18. desember 2013, var dómtekið að lokinni aðalmeðferð þann 28. janúar sl. Stefnandi er Sigurvin Ólafsson, Reykjavík. Stefndi er Landsbankinn hf. Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefnda hafi verið óheimilt að leggja vaxtavexti við endurútreikning og leiðréttingu á láni SBB 095842 þann 9. september 2013. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk greiðslu málskostnaðar úr hendi hans.

Atvik máls og ágreiningsefni

Stefnandi gerði kaupleigusamning við SP-Fjármögnun þann 7. janúar 2008 en stefndi tók síðar yfir kröfu SP-Fjármögnunar samkvæmt samningnum eftir samruna félagsins við stefnda, sbr. auglýsingu Fjármálaeftirlitsins frá 8. júní 2011 þar sem fram kemur að það hafi veitt samþykki fyrir samrunanum.

Óumdeilt er að í samningnum fólst í reynd gengistryggt lán í íslenskum krónum, sem stangaðist á við 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sbr. 13. gr. sömu laga. Endurreiknaði SP-Fjármögnun því lán stefnanda þann 30. september 2010. Lækkaði skuld stefnanda við þann endurútreikning úr 2.453.373 krónum í 1.444.680 krónur.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar, þar sem leyst var úr gildi fullnaðarkvittana vegna afborgana af ólögumtengdum gengistrygðum lánum, var skuld stefnanda endurútreiknuð á ný. Síðari endurútreikningurinn fór fram 20. september 2013 en miðaðist við stöðu lánsins þann 9. sama mánaðar. Lækkaði skuld stefnanda við

þennan endurútreikning úr 690.846 krónum í 521.453 krónur. Síðari endurútreikningur byggði á þeirri forsendu að fullnaðarkvittanir stefnda til stefnanda leiddu til þess að hann átti ekki frekari kröfu á hendur stefnanda en hann hafði þegar greitt vegna tímabilsins frá lántökudegi til 7. júní 2010. Eftir þann tíma byggði stefndi endurútreikning sinn á 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 2. gr. laga nr. 151/2010 og miðaði við vexti samkvæmt 1. málslið 4. gr. sömu laga. Við endurútreikninginn beitti stefndi jafnframt þeirri aðferð að leggja vexti við höfuðstól, bæði krafna sinna og innborgana stefnda, á tólf mánaða fresti með vísan til heimildar í 12. gr. sömu laga. Ágreiningur aðila málsins lýtur einvörðungu að því álitafni hvort stefnda hafi verið þessi vaxtavaxtaútreikningur heimill eða ekki.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Í málinu krefst stefnandi viðurkenningar á því að stefnda hafi ekki verið heimilt, við leiðréttingu láns hans, að leggja vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti og reikna nýja vexti af samanlagðri fjárhæð.

Stefnandi byggir á því að í 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sé ekki að finna heimild til að reikna vaxtavexti aftur í tímann og bæta þeim við höfuðstól lána. Komi það hvorki fram berum orðum í ákvæðinu sjálfu né sé vikið að slíkri heimild í frumvarpi til laga nr. 151/2010, um breytingu á lögum nr. 38/2001.

Stefndi geti ekki sótt heimild til að reikna vaxtavexti beint til 12. gr. laganna, sem sé eina lagaheimildin fyrir töku vaxtavaxta. Þar komi fram í 1. mgr. að „sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð“. Í tilviki stefnanda liggja fyrir að hinu undirstrikaða skilyrði sé ekki fullnægt, enda hafi stefnandi ætíð innt af hendi þær vaxtagreiðslur sem stefndi krafði hann um. Þar sem stefnandi hafi ekki getað greitt aðrar vaxtagreiðslur en þær sem hann hafi verið krafinn um telur hann að stefndi geti ekki beitt ákvæði 12. gr. vaxtalaga afturvirk. Þá sé augljóst að fyrrgreint ákvæði 12. gr. vaxtalaganna hafi ekki verið fest í lög með atvik sem þetta í huga, heldur hafi ákvæðinu þvert á móti einungis verið ætlað að eiga við um vanskilatilfelli. Því liggja fyrir að hvorki í ákvæðum vaxtalaga né í lögskýringargögnum sé að finna stoð fyrir því að heimilt sé að áskilja sér vaxtavexti þar sem ekki hafi verið um nein vanskil að ræða.

Þá geti taka vaxtavaxta hvorki byggt á ákvæðum sammings aðila, enda ekkert ákvæði þess efnis í honum, né venju þar sem engri venju sé til að dreifa við endurútreikning lána af því tagi sem um sé deilt, enda sé endurútreikningurinn fordæmalaus framkvæmd.

Enn fremur byggir stefnandi á því að ekki sé heimilt að leggja íþyngjandi byrðar á aðila nema á grundvelli skýrrar heimildar og að fullnægðum tilteknum skilyrðum og vísar hann í því sambandi til meginreglna laga. Aðstöðumunur málsaðila, þ.e. að stefnandi sé neytandi en stefndi fjármálafyrirtæki, leiði til þess að túlka beri samning þeirra þeim aðila í óhag sem hafi ráðið þeim atriðum til lykta er ágreiningi valda, sbr. og hina svokölluðu andskýringarreglu. Þá sé ljóst að öllu virtu að það sé ósanngjarnt ef stefnandi þarf að þola álagningu vaxtavaxta með

afturvirkum hætti á lán sem aldrei hafi verið í vanskilum. Enn ósanngjarnari sé sú niðurstaða þegar litið sé til þess að ástæða þess að endurreikna þurfti lánið hafi verið afglöp lánveitandans, þ.e. að veita honum lán með skilmálum sem stönguðust á við landslög. Vísi stefnandi í þessu sambandi til 7. gr. vaxtalaga með lögjöfnun.

Með álagningu vaxtavaxta við endurútreikninginn hafi niðurstaða hans orðið stefnda hagstæðari en ella svo sem framlagðir útreikningar sýni. Ef ekki er bætt við vaxtavöxtum á höfuðstól og innborganir sé niðurstaða útreikningsins sú að eftirstöðvar lánsins séu 505.088 krónur en ekki 521.453 krónur eins og í endurútreikningi stefnda. Sama eigi við í öllum öðrum endurútreikningum stefnda. Endurútreikningsaðferðin sé stefnda ávallt í hag á kostnað lántakenda, enda leggjast eðli máls samkvæmt hærri vaxtafjárhæðir á hærri upphæðir. Stefnandi krefst viðurkenningar á því að stefnandi hafi hvorki haft heimild í lögum né á grundvelli venju eða annarra réttarheimilda til að reikna stöðu láns stefnanda út með þessum hætti.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 7., 12., og 18. gr. þeirra. Um málskostnað vísar hann til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 129. og 130. gr. laganna.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi reiknað vexti af láni stefnanda með réttum hætti og á grundvelli gildandi laga.

Stefndi telur að málatilbúnaður stefnanda hvað varðar túlkun á gildi 18. gr. vaxtalaga fái ekki staðist. Skýrlega sé kveðið á um það í 1. mgr. 18. gr. að ef sammingsákvæði um vexti telst ógilt skuli peningakrafan bera vexti skv. 1. málslíð 4. gr. sömu laga. Athugasemdir í frumvarpi til laga nr. 151/2010 séu á sömu lund hvað varðar skýringu á nógildandi 18. gr. laga nr. 38/2001. Vextir sem reiknaðir séu á grundvelli 18. gr. séu ekki vextir sérstaks eðlis, sem njóti sérstöðu gagnvart öðrum ákvæðum laganna, heldur vísi 18. gr. til þess að þar sé um að ræða vexti skv. 4. gr. laganna en í þeirri grein og kaflanum þar sem hana sé að finna, sé fjallað um almenna vexti.

Vextir í endurútreikningi stefnda séu almennir vextir skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og því sé heimilt að höfuðstólsfæra þá samkvæmt 12. gr. sömu laga. Sú staðhæfing stefnanda að 12. gr. eigi einvörðungu við þar sem um vanskil sé að ræða sé bæði röng og órökstudd. Í greininni felist almenn meginregla um höfuðstólsfærslu vaxta sem beri að beita í málinu, ef ekki á grundvelli meginreglunnar sem hún hvíli á þá á grundvelli venju þar að lútandi. Af orðalagi 1. mgr. 12. gr. sé ljóst að einu skilyrðin sem gerð eru fyrir höfuðstólsfærslu vaxta séu (i) að vaxtatímabil sé lengra en tólf mánuðir; og (ii) að vextirnir séu ekki greiddir á því tímabili. Ekki sé að finna neinn áskilnað um að vanskil hafi orðið hjá skuldara. Reglan sé hlutlæg og skiptir því nákvæmlega engu máli af hverju vextir hafa ekki verið greiddir á 12 mánaða tímabili. Það eitt dugar að vextir hafi ekki verið greiddir. Ákvæði greinarinnar eigi við um vexti af hvaða tagi sem er, kröfuhafa sé heimilt beita henni og að höfuðstólsfæra vexti án þess að hafa gert sérstakan áskilnað um það í samningi við skuldara.

Telji dómurinn, þrátt fyrir allt ofangreint, að 12. gr. vaxtalaga verði ekki beitt samkvæmt efni sínu í máli þessu byggir stefndi á því að í greininni sé að finna meginreglu sem heimili almennt höfuðstólsfærslu vaxta á 12 mánaða fresti auk þess sem það sé almenn venja að höfuðstólsfæra vexti á 12 mánaða fresti í viðskiptum almennt og sé t.d. vel þekkt að bankar höfuðstólsfæri vexti á almennum innlánsreikningum á ársgrundvelli.

Þá mótmæli stefndi því jafnframt að beita megi 7. gr. sömu laga með lögjöfnun um höfuðstólsfærslu vaxta við endurútreikning. Greinin eigi við um dráttarvexti sem séu allt annars eðlis en almennir vextir og tilvik þar sem heimilt sé að taka slíka vexti séu ekki sambærileg umdeildum atvikum.

Loks mótmæli stefndi því að sanngirnirök geti leitt til þeirrar niðurstöðu að krafa stefnanda verði tekin til greina. Skýr lagaheimild sé í 12. gr. vaxtalaganna, um heimild til að leggja vexti við höfuðstól skuldar sem hafi hingað til ekki verið talin sérstaklega íþyngjandi eða ósanngjörn í garð skuldara. Stefnandi, sem sé lögfræðingur að mennt geti ekki hafa talist standa höllum fæti við samningagerð við stefnda auk þess sem hann hafi haft verulegan hag af endurútreikningi stefnda.

Þá geti svokölluð andskýringarregla samningaréttarins ekki átt við í málinu. Það hafi ekki verið stefndi sem hlutaðist til um að lánskuldbinding stefnanda lyti vöxtum samkvæmt 4. gr. vaxtalaga, heldur hafi sá vaxtafótur verið afleiðing af dómaframkvæmd Hæstaréttar en samningur aðila hafi gert ráð fyrir allt öðrum kjörum.

Með vísan til alls framangreinds telur stefndi ljóst að honum hafi verið heimilt að höfuðstólsfæra vexti við endurútreikning láns stefnanda, hvort sem er með beinni vísan til 12. gr. laga nr. 38/2001 eða þeirrar almennu reglu sem af henni leiðir og er venja í lánsviðskiptum á Íslandi. Ekki sé hægt að líta svo á að höfuðstólsfærsla vaxta hafi verið án heimildar eða að hún hafi lagt svo íþyngjandi byrðar á stefnanda að hún hafi talist ósanngjörn og af þeim sökum verið óheimil. Þar sem höfuðstólsfærsla vaxta við endurútreikning lánsins hafi verið í samræmi við gildandi lög og reglur telur stefndi að það beri að sýkna hann af kröfu stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 38/2002 um vexti og verðtryggingu, helst 4., 12. og 18. gr. auk almennra reglna kröfuréttar og samningaréttar. Kröfuna um málskostnað styður hann við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort stefndi hafi endurútreiknað lán stefnanda með réttum hætti en óumdeilt er að upphaflegt ákvæði í lánasamningi aðila um gengistryggingu lánsins er ógilt. Þá er ekki um það deilt að beita beri þeirri aðferð sem kveðið er á um í 5. sbr. 1 mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 við þennan endurútreikning. Aðferðin sem stefndi beitti og deilt er um felst í því að við

endurútreikning láns stefnanda bætti hann áföllnum vöxtum samkvæmt 4. gr. laganna við höfuðstól (eftirstöðvar) lánsins á tólf mánaða fresti frá 7. júní 2010 til endurútreikningsdags, 9. september 2013. Sömu aðferð var beitt við útreikning á greiðslum frá stefnanda, þ.e. stefndi færði vexti inn á höfuðstól innborgana með sama millibili. Stefnandi byggir á því að stefnda hafi verið óheimilt að nota vaxtavexti í útreikningum sínum og vísar aðallega til þess að engin slík heimild sé í 18. gr. vaxtalaga auk þess sem skilyrðum 12. gr. sömu laga sé ekki fullnægt. Stefnandi hafnar þessari lagatúlkun og byggir á því að tilvísun 1. mgr. 18. gr. vaxtalaga til 4. gr. sömu laga feli í sér að beita megi öðrum ákvæðum laganna sem gildi um vexti samkvæmt þeirri grein.

Núgildandi 18. gr. vaxtalaga var lögfest með ákvæði 2. gr. laga nr. 151/2010 til að bregðast við því óvissuástandi sem skapaðist þegar ljóst var að mikill fjöldi lánasamninga hafði að geyma óskuldbindandi gengisviðmið sbr. fjölda dóma Hæstaréttar þar að lútandi. Markmið löggjafarinnar var því að búa til reglu sem endurútreikningar ættu að styðjast við og væri í senn almenn og sanngjörn í garð skuldara. Aðferðin sem mælt er fyrir um í 5. sbr. 1. mgr. 18. gr. felst í því að upphaflegur höfuðstóll skuldar skal vaxtareiknaður með vöxtum samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laganna, þ.e. vöxtum sem eru jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna. Frá þeirri fjárhæð sem fæst með þessum útreikningi skal draga þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörstegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir miðað við hvern innborgunardag og mynda þannig útreiknuð fjárhæð eftirstöðvar skuldarinnar.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 38/2001 er heimilt, án þess að gera þurfi sérstakan áskilnað þar að lútandi í samningi aðila, að leggja vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, sé vaxtatímabil lengra en það. Heimildin í 12. gr. er almenn heimild til að höfuðstólsfæra vexti og nær því m.a. til vaxta samkvæmt 4. gr. laganna. Með tilvísun 1. mgr. 18. gr. vaxtalaga til vaxta samkvæmt 4. gr. sömu laga verður því að líta svo á að í henni felist einnig heimild til að höfuðstólsfæra vexti af kröfunni á grundvelli 12. gr. laganna enda ótvírætt að ákvæði þeirrar greinar tekur til vaxta samkvæmt 4. gr. Jafnframt er niðurstaða dómsins sú að önnur skilyrði 12. gr. séu fyrir hendi í þessu tilviki, þ.e. vaxtatímabil var lengra en 12 mánuðir og greiðsla fór ekki fram samkvæmt endurútreikningi stefnanda á grundvelli 18. gr. fyrr en eftir að sá útreikningur var gerður. Sú staðhæfing stefnanda að það sé skilyrði fyrir höfuðstólsfærslu vaxta að um vanskil sé að ræða á sér ekki stoð í lögum. Þá er heldur ekki að finna vísbendingu í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 151/2010 um að skýra beri ákvæði 18. gr. á þann veg sem stefnandi byggir á, þ.e. að heimild 12. gr. til að höfuðstólsfæra vexti eigi ekki við þegar endurútreikningur fer fram samkvæmt greininni. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að umdeild aðferð stefnda við endurútreikning láns stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Dómurinn felst ekki á að framangreind niðurstaða sé ósanngjörn svo sem stefnandi byggir á. Verður í því sambandi að líta til sammings aðila í heild en ekki afmarkaðs þáttar við endurútreikning láns stefnanda. Fyrir liggur að vegna ógildra samningaákvæða um gengistryggingu á skuld stefnanda við stefnda hefur stefndi endurútreiknað lán hans miðað við gefnar forsendur sem löggjafinn hefur sett, einmitt í þeim tilgangi að greiða úr réttaróvissu og leitast við að tryggja jafnræði

með skuldurum sem eru í líkri stöðu. Leiðrétting á láni stefnanda hefur þegar leitt til umtalsverðrar lækkunar á höfuðstól þess og jafnframt er ljóst að vegna áhrifa fullnaðarkvittana, sem stefndi gaf út vegna afborgana frá lántökudegi fram til 7. júní 2010, lækkaði lánið enn frekar. Loks er ekki um það deilt að við endurútreikning stefnda beitti hann sömu aðferð varðandi innborganir stefnanda, þ.e. vaxtareiknaði þær og höfuðstólsfærði vexti af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti. Með hliðsjón af framangreindum atvikum og aðstæðum að öðru leyti er ekki fallist á það með stefnanda að umdeildur endurútreikningur stefnda sé ósanngjarn, jafnvel þótt niðurstaðan hafi orðið sú að höfuðstóll skuldar stefnanda, eftir alla endurútreikninga, hafi orðið lítillaga hærri en ella.

Þá koma skýringareglur samningaréttar ekki til skoðunar í málinu þegar af þeirri ástæðu að endurútreikningur stefnda byggir á ákvæðum laga en ekki samningi milli aðila. Enn fremur er hafnað þeirri málstástæðu stefnanda að löggjöfnun frá 7. gr. laganna sé tæk aðferð til að greiða úr þeim ágreiningi sem hér er uppi þar sem ákvæði laga, svo sem þau hafa að framan verið skýrð, kveða á um aðra niðurstöðu og er tilvikið því ekki ólögákveðið.

Með vísan til alls framangreinds verður stefndi sýknaður af kröfu stefnanda. Stefnanda verður jafnframt gert að greiða stefnda málskostnað í samræmi við niðurstöðu dómsins svo sem kveðið er á um í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Með hliðsjón af umfangi máls þykir hann hæfilega ákveðinn 280.000 krónur.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfu stefnanda, Sigurvins Ólafssonar. Stefnandi greiði stefnda 280.000 krónur í málskostnað.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir